

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll

Kynningar- og samráðsfundur haldinn 27. maí 2025 með fulltrúum í ferðapjónustu

Viðstödd voru: Davíð Örvar Hansson (fundarritari), Sigrún Valgarðsdóttir og Valdimar Kristjánsson frá Náttúruverndarstofnun; Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahreppi, Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Regína Sigurðardóttir forsætisráðuneyti og Ingvar Atli Sigurðsson Náttúrufræðistofnun fulltrúar í samstarfshópi um áætlunina.

Frá ferðapjónustu: Snorri Ingimarsson, Baldvin Ari Jóhannesson, Snædís Arnardóttir og Friðrik S. Halldórsson (Ferðaklúbburinn 4*4), Haukur Eggertsson (Fjallahjólaklúbburinn), Jón Sigurðsson (Atlantsflug), NN (HeliAir), Magnús Orri Marínarson Schram, Sigurður Daði Friðriksson og Ægir Sævarsson (Hálendismiðstöðin).

Fundardagskrá:

- Kynning þeirrar vinnu sem hefur farið fram
- Umræður um umferð og útivist
- Mönnuð og fjarstýrð loftför
- Önnur mál

Kynning á vinnunni

Sigrún kynnti friðlýsingu Kerlingafjalla, fór yfir lagalegan ramma stjórnunar- og verndaráætlunar, kynnti upphaf vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og þá vinnu sem hefur farið fram.

Valdimar kynnti hugmyndir um stað þar sem hugmyndir eru um að setja upp lendingarstað fyrir þyrlur rétt við Setursleið.

Umræða

Umræður urðu um lendingarstað þyrlna. Bent var á að flugvöllur er utan friðlýsta svæðisins og þarf ekki sérstakrar umfjöllunar við. Snorri Ingimarsson benti á að tveir flugvellir hafi verið skilgreindir við Kerlingarfjöll, sá sem skilgreindur er í dag er fjær, annar ónotaður er innan verndarsvæðis. Sá flugvöllur er ekki skilgreindur í aðalskipulagi. Sá staður sem er til skoðunar vegna þyrlulendinga nú er nær Ásgarði og er staðsetning valin m.a. með tilliti til að ekki þurfi að fljúga yfir Ásgarðssvæðið. Óskað var eftir nánari skýringu á hvers vegna sú staðsetning sem er kynnt varð fyrir valinu og var því svarað á þessa leið:

- *Nálægð við Ásgarð*
- *Minna ónæði fyrir þjónustusvæðið/Ásgarð*
- *Landfræðilegar- og veðurfarslegar aðstæður góðar.*

- *Ekki hefur verið mikið um flug hingað til en tilfallandi flug er á staðinn*
- *Ekki þarf að fara í framkvæmdir til að nýta staðinn til lendinga*

Mönnuð og fjarstýrð loftför

Sigrún kynnti fyrstu tillögu að sérreglu fyrir þyrlu- og drónaflug sem snúa annars vegar að svæði I (Ásgarði) og hins vegar að svæði II (hverasvæðin og Kerling), með árstíðabundnum takmörkunum, bundnum við dagsetningar.

Umræða

Megin umræður snerust um að varast þyrfti að ganga of langt í takmörkunum en verði þær settar þurfi þær að vera skýrar og vel miðlað. Flestir viðstaddra voru því hlynntir að takmarkanir væru á þeim svæðum sem krefjast þess en ekki sé rétt að miða við dagsetningar þar sem aðgengi að svæðinu er mismunandi eftir árferði og var mælst til þess að unnið yrði út frá upphafi og enda opunar og lokunartíma á svæðið og þannig tekið tillit til aðstæðna því ekki væri rétt að vera með takmarkanir þegar nánast er mannlaust á svæðinu.

Aðrar umræður

Uppbygging á verndarsvæðinu. Vakið var máls á sérstæðum aðstæðum í Kerlingafjöllum þar sem öll uppbygging einskorðast við takmarkað svæði þannig að einkenni svæðisins raskast ekki mikið þrátt fyrir uppbyggingu. Önnur svæði þarf að vernda og takmarka uppbyggingu.

Upplifunarleiðir. Mikilvægt að vernda þær upplifunarleiðir sem liggja í kringum fjöllin, ekki loka en ekki byggja upp. Gagnrýni kom fram á ákvæði náttúruverndarlaga að birta upplýsingar um allar ferðaleiðir á hálendi Íslands. Einnig kom fram að leið suður fyrir fjöllin sé áskorun, ekki bara upplifunarleið og mikilvægt sé að svoleiðis leiðir fái að vera til. Þá var nefnt að þá leið þyrfti að laga svo hægt sé að hjóla hana.

Breyting á ferðaleið. Vakin var athygli á áhuga fyrir að breyta leið norður fyrir fjöllin, mögulega að færa leiðina upp fyrir Ásgarðsfjall en þannig yrði hún öruggari allan ársins hring auk þess sem það gæti þjónað vernd á þeim litla gróðri sem er á svæðinu. Skorað var á samstarfshóp að ræða og skoða með sveitarfélaginu.

Kjalvegur. Fram kom það álit að það væri náttúruverndarmál að bæta og koma vegslóða í hæð við landið. Spurt var hvort friðlýsing og/eða stjórnunar- og verndaráætlun geti stutt við aðgengi að svæðinu sbr. aðgengi um Kjalveg og var samstarfshópur hvattur til taka umræðu í sem snýr að þessu.

Hringurinn í kringum Kerlingafjöll, stytting niður í Leppistungur. Þessi stytting þyrfti að vera til og laga örlítið m.t.t. náttúruverndar. Stubbur er nýttur t.d. vegna trússaksturs. Fram kom að vegurinn er á skrá og verður til.

Breyting gönguleiðar. Greint var frá því að samtal stendur yfir á milli Hálendismiðstöðvar og Náttúruverndarstofnunar um breytingu gönguleiðar hringinn í kringum Kerlingafjöll. Umræða

var um uppbyggingu húsa á svæðinu í kjölfarið á þeirri breytingu. Athygli var vakin á að þessi fyrirhugaða breyting og aðrar mögulegar breytingar á gönguleiðum muni ekki fara beint inn í stjórnunar- og verndaráætlun en verður breytt jafnóðum á aðgengilegum kortum en umræða þær jafnt sem annað framtíðarskipulag verði þó í stjórnunar- og verndaráætlun.

Næstu skref:

- Samstarfshópur fundar fljótlega og fer yfir þær hugmyndir sem komu fram á fundinum.
- Skoðað verði hvort áhugi er fyrir að fulltrúar Náttúruverndarstofnunar fundi með sveitarstjórn Hrunamannahrepps og kynni/ræði verkefnið.
- Skoðað verði hvort tilefni sé til að efna til almenns kynningarfundar í Hrunamannahreppi.

Fleira var ekki gert og lauk fundi kl. 11:40